



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkalýðsfélag Akraness
b.t. Vilhjálms Birgissonar
Sunnubraut 13
300 Akranesi

Reykjavík 26. nóvember 2015

1511246SA IRÓ
Málalykill: 16.10

Efni: Svar við bréfi Verkalýðsfélags Akraness til Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 24. nóvember 2015

Vísað er til bréfs Verkalýðsfélags Akraness (VFLA), dagsett 24. nóvember 2015, „Tilboð um nýjan kjarasamning félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga.“ Bréfið barst formanni samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) með tölvupósti þann sama dag. Félagið óskaði svara eigi síðar en á hádegi fimmtudaginn 26. nóvember 2015.

Í bréfinu kemur fram að launabreytingar sem og aðrar breytingar í nýgerðum kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við 35 stéttarfélög innan ASÍ og BSRB sem undirritaðir hafa verið á undanförnum dögum, rúmist vel innan væntinga VLFA um nýjan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga. Lýsir formaður Verkalýðsfélags Akraness, félagið reiðubúið að undirrita nýjan kjarasamning á þeim grunni, þó að því gefnu að inngangur og fylgiskjal III með kjarasamningnum verði fellt út.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga getur ekki orðið við þeim kröfum Verkalýðsfélags Akraness sem fram koma í bréfinu. Hins vegar stendur félagini til boða að undirrita kjarasamning með sama efni að öllu leyti og 35 stéttarfélög innan ASÍ og BSRB undirrituðu þann 20. og 24. nóvember s.l og hefur gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

Minnt er á að vegna aðstæðna á vinnumarkaði í sumar og haust urðu tafir á því að kjaraviðræður Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda þess gætu hafist. Af þeim sökum gerði SNS samkomulag við viðsemjendur sína um framlengingu kjaraviðræðna út september 2015, þannig að næðist samkomulag um framlengingu kjarasamninga aðila fyrir þann tíma myndi sú upphafshækkun sem um semdist, eða ígildi hennar, gilda frá og með 1. maí 2015. SNS framlengdi þetta samkomulag til nóvemberloka 2015. Náist ekki samkomulag milli Verkalýðsfélags Akraness og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framlengingu kjarasamninga fyrir þann tíma er SNS ekki bundin af fyrrgreindu tímamarki um gildistöku kjarasamnings. Þá er það jafnframt forsenda tilboðs SNS að áður en gengið verði til samninga, falli Verkalýðsfélag Akraness frá kröfum sínum fyrir Félagsdómi um að ákvæði rammasamkomulags milli aðila vinnumarkaðar frá 27.

október 2015 séu ólögmæt og óskuldbindandi bæði fyrir VFLA og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð kjarasamnings þeirra á milli.

Óskað er eftir formlegu svari við tilboði SNS eigi síðar en á hádegi mánudaginn 30. nóvember 2015.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Inga Rún Ólafsdóttir

Inga Rún Ólafsdóttir
sviðsstjóri kjarasviðs og formaður samninganefnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samrit: Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari